

Nr. 19-089 S 058 Kap II VE 7***Skipverji slasast á hendi***

Skipaskr.nr. 1062
 IMO: 6804692
 Útgerð: Vinnslustöðin hf.
 Smíðaður: Stálvík, 1967, stál
 Stærð: 407,58 brl. 575,28 bt.
 Mesta lengd: 52,07 m Skráð lengd: 47,0 m
 Breidd: 7,90 m Dýpt: 6,20 m
 Vél: Bergen diesel, 729,0 kw, 1981
 Fjöldi skipverja: 12



Kap II © Hilmar Snorrason

Gögn:

Lögregluskýrsla
 Gögn RNSA

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 5. júní 2020 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasynti og Hirti Emilssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 6. júní 2019 var Kap II VE 7 á grálúðu netaveiðum á Austfjarðamiðum. Veður: NNV 12 m/sek.

Þegar verið var að taka netin inn um lúguop á síðu skipsins lenti skipverji með hægri höndina inn á milli gúmmikoppa á dráttarkarli þegar hann var að laga færið til í honum. Siglt var með slasaða til Norðfjarðar.

Við rannsókn kom fram:

- að skipverjinn náði sjálfur að losa höndina úr dráttarkarlinum;
- að hendið marðist illa en brotnaði ekki;
- að dráttarkarlinn var vökvadrifinn og útbúinn með vökvaloka til að ræsa hann og stöðva;
- að tveir neyðarstoppsrofar fyrir spilbúnaðinn voru á vinnsluþilfarinu og einn í brú skipsins;
- að tveir skipverjar voru við vinnu á þilfarinu, sá er slasaðist og annar staðsettur við netalúguna og snéri baki í dráttarkarlinn;
- að slasaði var búinn að vera rétt um tvær vikur á skipinu;



Dráttarkarlinn

- að ósk RNSA fóru skipaefirlitsmenn Samgöngustofu (SGS) í vettvangsskoðun um borð. Niðurstaðan var sú að það hafi verið „ófullnægjandi að enginn neyðarstöðvunarbúnaður hafi verið fyrir afdragarann á millidekki við starfsstöðina og upp í brú“;
- að SGS hafði ekki samþykkt teikningar fyrir fiskvinnslukerfi skipsins eins og krafist er í reglugerð 122/2004 um öryggi fiskiskipa sem eru 15 metrar eða lengri að mestu lengd.

Nefndarálit:

Orsök slyssins er óvarleg vinnubrögð. Þá var neyðarstöðvunarbúnaður ófullnægjandi.

Sérstök ábending:

Nefndin vekur athygli á því að með áhættumati hefði hugsanlega mátt koma í veg fyrir slysið.